Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

17. ágúst 2021

Í ágúst hafa dag hvern 438 bátar róið til strandveiða. Heildarfjöldi með löndun í mánuðinum er 574.

Í ágúst fá menn 17 daga til að ná þeim 12 dögum sem heimilt er að stunda veiðarnar. Að loknum gærdeginum höfðu 179 bátar landað á hverjum degi (8 dagar), munu örugglega bæta við þeim níunda í dag, og 143 með einum degi færra (322).

http://www.smabatar.is/2021/08/ls-bendir-a-onyttar-heimildir.shtml

Fiskistofa áætlar að viðmiðunarafla verði náð á morgun miðvikudag. Það gerist þrátt fyrir að þér bættuð 1.171 tonni við áðurútgefið. Stofunni er því skylt að stöðva veiðar.

Í flestum tilvikum hefði LS unað slíku. Tilvikið sem varð til að erfitt verður að sættast á stöðvun er að enn á eftir að fullnýta veiðiheimildir í 5,3% pottinum.

Samkvæmt reglugerð er heimilt að færa milli ára aflamark sem fengið er með úthlutun úr almennum byggðakvóta til fiskiskipa.

Heimildin nær þó aðeins til þess hluta sem framlagi til vinnslu nemur, sem skal vera tvöfalt það magn sem viðkomandi á rétt á. Hafi viðkomandi landað fjórðungi framlagsins á hann rétt á fjórðungi aflamarksins sem hann getur flutt yfir á næsta ár.

Við eftirgrennslan veitti LS því athygli að margir bátar eru með 0% framlag. Réttur þeirra til ætlaðs aflamarks fellur því niður um fiskveiðiáramótin sbr. 2. ml. 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar.

Alls er hér um að ræða rúmlega 800 tonn af þorski.

Hér með er þess óskað að reglugerð verði gefin út sem kveði á um að þessar heimildir gangi til strandveiða.

Rétt er að taka fram að þó þessi viðbót verði veitt mun þorskafli fiskveiðiársins verða innan leyfilegs heildarafla.

Virðingarfyllst

Arthur Bogason formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri